

Úrskurður aga- og úrskurðarnefndar KSÍ

Ár 2008, þriðjudaginn 14. júlí, er fundur haldinn í aga- og úrskurðarnefnd KSÍ á skrifstofu Knattspyrnusambands Íslands í Laugardal, Reykjavík, af nefndarmönnum Presti Ríkharðssyni, Gunnari Guðmundssyni og Helga R. Magnússyni.

Fyrir er tekið málið nr. 8/2008:
Ungmennafélag Hrunamanna, kt. 660269-5689
gegn
Ungmennafélagi Gnúpverja kt. 520477-0209

Gögn málsins merkt nr. 1-2 liggja frammi. Er nú í nefndinni kveðinn upp svofelldur

ÚRSKURÐUR:

I.

Kærandi:
Ungmennafélag Hrunamanna, kt. 660269-5689
Flúðum
S:898-1468, fax: 486-6524
Fyrirsvarsmaður: Jón Viðar Finnsson, formaður.

Kærði:
Ungmennafélag Gnúpverja, kt. 520477-0209
Steinholti
801 Selfossi
Fyrirsvarsmaður: Gestur Einarsson.

Mál þetta er mótttekið af skrifstofu KSÍ 7. júlí sl. Málið fékk flýtimeðferð og var kærða gefinn frestur í sólarhring til að skila greinargerð. Greinargerð frá kærða barst sama dag, 7. júlí.

Kröfur:

Ungmennafélag Hrunamanna (hér eftir Hrunamenn) krefst þess að úrslitum í leik Hrunamanna og Ungmennafélags Gnúpverja (hér eftir UMFG) í 4. flokki A, sem fram fór á Flúðavelli, þriðjudaginn 1. júlí 2008, verði breytt og Hrunamönnum verði dæmdur 3-0 sigur í leik liðanna.

II.

Málsatvik og ágreiningsefni:

Kærandi lýsir málavöxtum svo að í leik Hrunamanna gegn UMFG í 4. flokki þann 1. júlí 2008 hafi einn leikmaður UMFG, Jóhann Gylfi Guðmundsson, verið ólöglegur fyrir aldurs sakir. Vísar kærandi til þess að umræddur leikmaður sé fæddur 1993 og megi því ekki leika í 4. fl. árið 2008.

Máli sínu til stuðnings vísar kærandi til gr. 2.1.4 í reglugerð KSÍ um knattspyrnumót er fjallar um aldursflokkaskiptingu.

Í greinargerð kærða kemur fram að fyrirvarsmaður kærða hafi ekki vitað að umræddur leikmaður væri fæddur 1993 þegar hann spilaði leikinn en að leikmaðurinn sjálfur hafi talið að hann væri hlutgengur þar sem hann væri ekki orðinn 15 ára. Vísar kærði til þess að um hrein og klár mistök hafi verið að ræða af sinni hálfu. Kemur og fram að fyrirvarsmaður kærða hafi haft frumkvæði af því að tilkynna um mistökin um leið og hann varð þeirra var.

III.

Niðurstaða:

Í máli þessu er ekki ágreiningur um málsatvik. Óumdeilt er að umræddur leikmaður spilaði með 4. fl. UMFG í Íslandsmótinu þann 1. júlí 2008. Með vísan til gr. 2.1.4 í reglugerð KSÍ um knattspyrnumót er ljóst að leikmaður sem fæddur er 1993 er ekki hlutgengur með 4. fl. árið 2008. Þegar af þeim sökum telst lið UMFG hafa verið ólöglega skipað í umræddum leik og verður því fallist á kröfur kæranda með vísan til gr. 40.1 í reglugerð KSÍ um knattspyrnumót og gr. 12.1.1. í starfsreglum aga- og úrskurðarnefndar KSÍ.

Samkvæmt framanrituðu telst lið Hrunamanna hafa unnið leikinn 3-0.

Í ljósi þess að um leik í 4. flokki með 7 manna liðum var að ræða og komið hafa fram trúverðugar skýringar af hálfu fyrirvarsmanns kærða á því hvers vegna umræddur leikmaður spilaði leikinn sem og í ljósi þess að fyrirvarsmaður kærða hafði frumkvæði af því að upplýsa um mistökin verður kærða ekki gerð sekt vegna málsins eins og annars bæri að gera með vísan til gr. 40.1.

IV.

Úrskurðarorð:

Hrunamenn teljast hafa unnið leik gegn UMFG í Íslandsmótinu í 4. flokki sem fram fór 1. júlí 2008 á Flúðavelli með markatölunni 3-0.

V.

Um áfrýjun:

Samkvæmt grein 14.3. í reglugerð KSÍ um aga-og úrskurðarmál er frestur til að áfrýja máli til áfrýjunardómstóls KSÍ 5 dagar frá því að úrskurður aga- og úrskurðarnefndar er kveðinn upp og skulu almennir frídagar ekki taldir með.

Gunnar Guðmundsson

Pröstur Ríkharðsson

Helgi R. Magnússon